

2. tbl. 31. árgangur mars 2009

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



Ársskýrsla VR 2008 - 2009

Félagsmál


- 04 Úrslit kosninga
- 05 Vægari innheimtuaðgerðir
- 05 Örlitameðferð styrkt
- 05 Office One - dómur
- 28 Færðu launaseðil?
- 33 Afsláttur í sólina
- 34 Orlofshús
- 37 Námskeið fyrir atvinnulausa

Ársskýrsla 2008-2009

- 09 Ársskýrsla
- 10 Félagið í hnotskurn
- 23 Rekstrarreikningur 2008
- 24 Efnahagsreikningur 31.12.08
- 26 Yfirlit um sjóðsstreymi 2008

Viðtöl og greinar

- 06 Ég er að kafna úr stressi
- 39 Pistill Gerðar Kristnýjar



VR

Húsi verzlunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is



LEIÐARI

Að loknum kosningum

Í þessu VR blaði bryddum við upp á þeirri nýjung að flétta ársskýrslu VR inn í blaðið. Það er von okkar að það veiti félagsmönnum fyllri upplýsingar um stöðu og starfsemi félagsins sem var nokkuð til umræðu í nýliðinni kosningabaráttu. VR hefur hin seinni ár birt ársskýrsluna á heimasíðu félagsins og teljum við okkur hafa verið í fararbroddi meðal stéttarféлага í að veita félagsmönnum aðgang að upplýsingum um félagið. Við breyttum einnig lögum VR fyrir tveimur árum til að auðvelda einstaklingum að bjóða sig fram til forystu fyrir VR með það að markmiði að auka veg lýðræðis. Nýkjörinn formaður VR bauð sig fram í einstaklingskosningu. Niðurstöður kosninganna sýna að auðvelt er að bjóða sig fram og það er lýðræði í VR. Væntanlega má búast við að í framtíðinni verði oftar kosið um forystu VR en áður og er það von mín að það muni gera félagið sterkara til lengri tíma lítið. Hinsvegar tel ég að nýliðin kosningabarátta hafi verið óvenju óvægin miðað við kosningahefðir hér á landi. Það vakti athygli mína að mótframbjóðendur mínir og stuðningsmenn þeirra lokuðu sínum blogg- og

heimasíðum strax eftir kosningarnar sem bendir til þess að þar sé eitthvað sem illa þolir dagsbirtu. Eins var ég hugsi yfir framgangi fjölmiðla, þeir sem sáðu fræjum tortryggni fengu að tala gagnrýnislaut en aðrir voru yfirheyrðir af mikilli hörku. En niðurstaðan var skýr, undirritaður, hálf stjórnin og trúnaðarráðið nutu ekki trausts, félagsmenn vildu klárlega sjá breytingu á VR. Ég sætti mig við niðurstöðuna en finnst sárt að sjá á eftir öllu því góða fólki í stjórn og trúnaðarráði sem einnig var sett til hliðar. Það er fólk sem hefur unnið óeigingjart starf í þágu félagsmanna, sumt á áratugi, og gert VR að því öfluga félagi sem það er í dag. Ég vil þakka þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf og félagsmönnum og starfsmönnum þakka ég samstarfið á undanförunum árum. Félaginu og nýrri forystu óska ég velfarnaðar.

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Eddi, Sigrún Sigurðardóttir, Gunnar Kr. Prentun: Oddi. Upplag: 24.000 Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsón, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir. Varamenn: Jón Hrafn Guðjónsson, Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsón, Margrét Sverrisdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Til vara: Sigurður Sigfússon og Jóhanna S. Rúnarsdóttir. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Stefánía Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Jón Magnússon, Gunnar Böðvarsson og Rannveig Sigurðardóttir. Til vara: Lykke Bjerre Larsen og Jón Hrafn Guðjónsson.

Úrslit kosninga til trúnaðarstarfa í VR 2009

Allsherjaratkvæðagreiðslu vegna kosninga til trúnaðarstarfa hjá VR sem hófst þann 23. febrúar, lauk kl. 12:00 á hádegi 11. mars. Atkvæði greiddu 6.738. Á kjörskrá voru alls 25.137. Kosningapátttaka var því 26,8%. Úrslit eru sem hér segir:

Kosning um formann í einstaklingsbundinni kosningu

	Fjöldi atkvæða	% af greiddum atkvæðum
Kristinn Örn Jóhannesson	2651	41,9 %
Lúðvík Lúðvíksson	1904	30,1 %
Gunnar Páll Pálsson	1774	28,0 %

Kosning um þrjá stjórnarmenn í einstaklingsbundinni kosningu. Kosningu hlutu:

	Fjöldi atkvæða	% af greiddum atkvæðum
Ragnar Þór Ingólfsson	2394	59,6 %
Óskar Kristjánsson	1774	44,2 %
Ágúst Guðbjartsson	1695	42,2 %

Kosning um lista með framboðum 4 stjórnarmanna og 82 í trúnaðarráð

	Fjöldi atkvæða	% af greiddum atkvæðum
L listi lýðræðis fyrir VR	3189	62,9 %
A listi trúnaðarráðs og trúnaðarm. VR	1879	37,1 %

Stjórn VR fyrir næsta kjörtímabil

Samkvæmt framanskráðu og niðurstöðu sem varð á Nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR vegna kosningar varamanna í stjórn teljast eftirtalin vera réttkjörin skv. 20. gr. laga félagsins og hefst kjörtímabil þeirra á næsta aðalfundi VR, 2. apríl 2009.

Formaður VR - til tveggja ára

Kristinn Örn Jóhannesson

Fjórir stjórnarmenn samkvæmt listakosningu – til tveggja ára

Ásta Rut Jónasdóttir
Bergur Þór Steingrímsson
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
Bjarki Steingrímsson

Þrír stjórnarmenn í einstaklingsbundinni kosningu – til tveggja ára

Ragnar Þór Ingólfsson
Óskar Kristjánsson
Ágúst Guðbjartsson

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Hólmfríður Björg Petersen
Þorlákur Jóhannsson
Sigríður Stefánsdóttir

82 fulltrúar í trúnaðarráð VR af L lista lýðræðis fyrir VR– til eins árs. Sjá lista á www.vr.is.

Fyrir voru í stjórn VR sjö stjórnarmenn sem kosnir voru til tveggja ára á síðasta ári. Þau eru: Stefanía Magnúsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Steinar J. Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Lykke Bjerre Larsen og Jón Magnússon.

Vægari innheimtuaðgerðir

Stjórn VR hefur samþykkt áskorun til þeirra lífeyris-
sjóða sem félagsmenn VR greiða til að beita vægustu
innheimtuaðgerðum sem kostur er. Úrræði sjóðanna
geta m.a. falist í því að beita ekki dráttarvöxtum á van-
skil, lágmarka innheimtukostnað, skuldbreyta lánnum,
lengja lánstíma og breyta lánskjörum með tilliti til
greiðslugetu viðkomandi. Enn fremur að sjóðurinn óski
ekki eftir nauðungasölu á íbúðum sjóðfélaga nema að
fullreynt sé að ekki sé unnt að leysa greiðsluferfiðleika
viðkomandi. Stjórnin óskar eftir samstarfi við lífeyris-
sjóðina um útfærslu úrræðna og starfsreglna.

Hver hreppir hnossið í ár?

Föstudaginn 8. maí verður niðurstaða í könnun VR á
Fyrirtæki ársins 2009 tilkynnt en niðurstöður í launa-
könnuninni verða birtar í september. Það vekur alltaf
mikla athygli þegar tilkynnt er hvaða fyrirtæki fá hæstu
einkunn starfsmanna sinna í þessari könnun sem VR
hefur staðið fyrir í áratug. Nú á tímum mikilla þreng-
inga á vinnumarkaði er kannski enn mikilvægara að
starfsfólk fái tækifæri til að segja stjórnendum hvernig
þeim líður og hvert viðhorf þeirra er til fyrirtækisins.
Niðurstöðurnar verða birtar á vef VR, www.vr.is, sem og
í VR blaðinu sem kemur út þennan dag.

Dregið hefur verið í happdrætti sem haldið var í
tengslum við könnunina. Vinningshöfum er bent á að
hafa samband við VR í síma 510 1700. Vinningsnúmerin
eru sem hér segir: 13168, 20265, 21029, 24508, 28006,
42840, 43143, 51077, 62249 og 71878.

VR tekur þátt í kostnaði vegna örlitameðferðar

Stjórn VR hefur samþykkt að félagið greiði 50% af
kostnaði af örlitameðferð sem stafar af sjúkdómi og
læknir hefur samþykkt, það sem kallað hefur verið
medical tattoo. Þessi meðferð er nýjung hér á landi
og er m.a. til þess fallin að bæta ásýnd geirvörtu eftir
að lýtaðagerð hefur verið gerð á brjósti, t.d. vegna
brotnáms brjósts vegna krabbameins. Lýtaaðgerð
vegna krabbameins í brjóstum er greidd af Sjúkra-
stryggingastofnun Íslands en örlitameðferð er ekki
greidd. Því var afráðið félagið kæmi til móts við félags-
menn sína sem þurfa að standa straum af kostnaði
vegna þessarar meðferðar. Nánari upplýsingar veita
fulltrúar Sjúkrasjóðs VR í síma 510 1700.



Félagsmaður VR dæmdur til sektargreiðslu í Hæstarétti

Hæstiréttur hefur dæmt félagsmann VR til að greiða fyrrum vinnuveitanda sínum
500 þúsund krónur í sekt vegna brota á ráðningarsamningi. Málsatvik voru þau að
félagismaðurinn réði sig sem sölumaður í Egilsson hf, heildsölu, og skrifaði þá undir
samkeppnishindrandi ákvæði í ráðningarsamningi. Við starfslok var hann orðinn
rekstrarstjóri í ritfangaversluninni Office One sem þá var komin í eigu Egilsson hf.
Eftir að hann hætti og réð sig hjá annarri ritfangaverslun krafðist fyrrum vinnuveit-
andi tæplega 30 milljóna króna skaðabóta.

Dómur féll gegn félagsmanninum í Héraðsdómi Reykjaness í maí 2008 og var hann
dæmdur til að greiða 1,3 milljónir króna í sekt. Málinu var vísað til Hæstaréttar sem
taldi ekki að samkeppnisákvæði ráðningarsamningsins hafi verið fallið úr gildi þrátt
fyrir breytingar á starfssviði félagsmannsins frá upphafi ráðningar og þar til hann lét
af störfum, né að ákvæðið hafi verið viðtækara en nauðsynlegt hafi verið. Dómurinn er
að mati lögmanns VR mikið áfall fyrir launþega og segir að m.v. túlkun Hæstaréttar sé ekki
annað hægt en að hvetja launþega til að hafna svona ákvæðum í ráðningarsamningi.

Ég er að kafna úr stressi!

Hér fjallar Ólafur Árnason um ýmsa þætti sem valda álagi og streitu og gefur góð ráð til að bregðast við.



Ólafur Árnason
fjölskylduráðgjafi

Erfitt tímabil um þessar mundir

Það dylst engum að Íslenska þjóðin er að ganga í gegnum erfitt tímabil um þessar mundir og einstaklingar og fjölskyldur upplifa álag og spennu sem aldrei fyrr. Öll þekkjum við einhverja sem hafa áhyggjur af fjármálum sínum, starfi eða fjölskyldu. Þetta umhverfi sem við erum í þessi misserin er því miður kjöraðstæður fyrir stress og kvíða til að ná tökum á lífi fólks. Það er því á stundum sem þessum sem þú þarft að setjast niður og átta þig á því hvað skiptir máli í lífinu, hvað þú villt leggja áherslu á og hvernig þú getur náð tökum á lífi þínu á nýjan leik.

Álag getur komið fram á mjög margvíslegan máta og engin ein ákveðin regla til varðandi það hvernig þú bregst við. En ef þú ert að velta því fyrir þér hvort að álagið sé farið að valda hjá þér stressi þá eru hér að neðan nokkur atriði sem gefa til kynna að rétt sé að skoða sín mál. Þetta eru dæmi um andleg og líkamleg viðbrögð við stressi;

*skapsveiflur,
erfitt að einbeita sér,
neikvæðni,
píringur,
einmannaleiki,
óánægja með flesta hluti
allskonar líkamlegir verkir
niðurgangur
ógleði
minnkandi kynlíflöngun
óregla á mataræði
óregla á svefni*

Aukin notkun áfengis, tóbaks og annarra lyfja

Eflaust hefur þú upplifað eitthvað af þessum viðbrögðum og trúlega mismikið. Þú getur verið að upplifa það að eiga erfitt með að sofna, eða ert að vakna fyrir

allar aldir. Matarlystin er kannski ekki upp á marga fiska og orkan lítil. Svo eru einnig hegðunarþættir sem erfitt er að átta sig á. Þú ert allt í einu farin að verða pírruð/ aður á rauðu ljósi, þú hvæsir á strákinn á kassanum í Krónunni yfir háu vöruverði eða þér finnst börnin alltaf vera með læti þessa dagana. Eflaust líður þér ekki vel með þetta og veltir fyrir þér hvað sé eiginlega í gangi. „hversvegna er ég að láta svona?“ „Þetta er ekki ég, því ég læt aldrei svona!“

Aðstæður í dag kjöraðstæður fyrir stress

Öll getum við lent í aðstæðum þar sem við upplifum að við séum búin að missa takið á verkefninu, að það sé of stórt eða við hreinlega ekki í stakk búin til að takast á við það. Það er ekki óeðlilegt. Mörg okkar eru að ganga í gegnum þessar tilfinningar í dag. Sum eru búin að missa vinnuna og sjá ekki lausn á fjárhagsmálum sínum. Hjón eru áhyggjufull vegna þess að maki hefur misst vinnuna og nú er sá aðili þyngri og leiðari í skapi. Hann/ hún er að upplifa atvinnuleysið sem höfnun og sér kannski fáa möguleika á nýju starfi í bráð.

Það er við þessar aðstæður sem við þurfum að vera á varðbergi með eigin heilsu og hegðun. Það má með sanni segja að þær aðstæður sem að við búum við í dag eru kjöraðstæður fyrir stress og kvíða til að ná fótfestu innra með manni og það er eitthvað sem við eigum að sporna við að fullu afli.

Er ísbjörn að elta þig?

Það er rétt að átta sig á því að líkaminn gerir ekki greinarmun á sálfræðilegu álagi og líkamlegu álagi. Hvort um er að ræða vandamál í hjónabandinu, álag í vinnu, rífrildi við vinnufélaga eða fjölskyldumeðlimi eða ógreiddir reikningar, þá bregst líkaminn við á sama hátt og ef ísbjörn væri að elta þig. Allt kerfið fer af stað og er tilbúið til að rjúka í burtu frá hættunni. Það segir sig því

sjálfst að því fleiri sem þessir stressþættir eru, því meira verður álagið og því verr fer einstaklingnum að líða. Þegar við skoðum hvað áhrif langvinn streita hefur á líkamann og varnarkerfi hans þá kemur mjög greinilega í ljós hve slæm áhrif stress hefur á líkama og sál. Meðal annars getur blóðþrýstingur hækkað, ónámiskerfið verður veikara og aukin áhætta er á hjartaáfalli. Langvinn streita getur einnig haft þau áhrif á heilann að það verður erfiðara og erfiðara að bregðast við streitu næst þegar hún kemur upp.

Það er misjafnt hvernig okkur gengur að takast á við stress og álag og eru þau viðbrögð mjög einstaklingsbundin. Það sem veldur kvíða og stressi hjá einum einstaklingi hefur kannski lítil sem engin áhrif á annan einstakling og öfugt. Nokkrir þættir sem hafa áhrif á það hvar þolmörk þín gagnvart álagi eru: Stuðningsnetið í kringum þig. Samheldin fjölskylda og öflugur vinahópur hefur gríðarlega jákvæð áhrif á möguleika þína til að bregðast við stressi og álagi. Á móti kemur svo að einangrun og einmanaleiki gerir þig móttækilegri fyrir álagi.

Viðhorf þitt. Það verður aldrei of oft endurtekið að jákvæðni og léttleiki eru ofboðslega öflug vopn í baráttunni gegn stressi. Kímnigáfa er sterk vörn og einnig það viðhorf að breytingar séu hluti af lífinu og í breytingum felast tækifæri.

Skipulag. Það að taka skipulega á hlutunum, horfa raunhæft á stöðuna og átta sig á því hvaða hlutum við höfum stjórn á, er hjálplegt í uppbyggingu á vörnum gegn stressi. Á þann hátt getum við betur náð tökum á því sem hægt er að stýra og tökum ekki „panic“ ákvarðanir í fljótfærni.

„Þetta reddast“

Ein frægasta setning okkar Íslendinga er án efa „þetta reddast“ og hefur hún eflaust hjálpað okkur við erfiðar aðstæður í gegnum tíðina. En þegar við erum að upplifa raunverulegt stress þá er ekki gott að treysta bara á það að hlutirnir muni reddast.

Nokkur algengustu atriðin sem valda stressi eru meðal annars:

Breytingar á lífsmynstri

Vinnan og breytingar í vinnu

Erfiðleikar í hjónabandi/sambúð

Fjárhagserfiðleikar

Að hafa of mikið að gera

Áhyggjur af börnum og fjölskyldu

Eins og þarna kemur fram er áfallið við að missa vinnuna mjög ofarlega á blaði. Annað sem rétt er að benda á er að allt er viðkemur erfiðleikum í sambandi/hjónabandi, eykur mjög álagið. Ég tek þetta fram vegna þess að tilhneiging er til þess að brestir komi í hjónaband/sambúð þegar fjárhagserfiðleikar og

vinnuerfiðleikar bjáta á. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þetta eru óskildir hlutir og nauðsynlegt er að standa þétt saman á erfiðum stundum í stað þess að auka álagið og stressið með spennu í hjónabandinu/sambúðinni. Einstaklingar verða að leggja áherslu á að styrkja og rækta sambandið við maka sinn og nánustu fjölskyldu þegar fjárhagserfiðleikar, atvinnumissir, veikindi og önnur álíka áföll ríða yfir. Það að skilja eykur einfaldlega stressið og gerir öllum hlutaðeigendum erfiðara með að vinna sig í gegnum erfiðleikana.

En hvað er til ráða?

Lærið hvernig hægt er að takast á við stress

Við þurfum að átta okkur á því að þó að okkur finnist álagið og stressið í lífi okkar vera búið að ná yfirhöndinni, þá getum við stjórnað því hvernig við bregðumst við stressinu. Þetta snýst allt um það að ná stjórn, ná stjórn á hugsunum, ná stjórn á tilfinningum, ná stjórn á daglegum gjörðum, ná stjórn á fjölskyldu og nánasta umhverfi. Það er mikilvægt að hugsa vel um sjálfan sig, hvílast, endurnærast og vinna skipulega að því að ná stjórn á einföldum hlutum í kringum okkur.

Legðu aukna áherslu á samböndin í kringum þig

Að hafa sterkt net fjölskyldu og vina í kringum sig er öflugasta vörnin gegn stressi. Þegar þú veist að þú ert með í kringum þig fjölskyldu og vini sem hægt er að treysta á, þá verður álag hins daglega lífs ekki eins yfirþyrmandi. Leggðu því áherslu á að eyða tíma með fólki sem þér þykir vænt um, fólki sem er jákvætt og hvetjandi. Talaðu um vandamálið og þína líðan. Ef þú ert ekki svo heppin að hafa ræktað þannig sambönd, eða ef „sambandið“ er að valda stressi í lífi þínu í dag, leggðu þá áherslu á að styrkja núverandi samband og byggja upp ný. Ekki hlaupa í burtu án þess að reyna að laga það sem er kannski lítillega „bilað“ í dag.

Leggðu rækt við andlega heilsu þína

Flestir sinna alls ekki eða mjög lítið andlegri heilsu sinni fyrr en eitthvað alvarlegt bjátar á. Á sama tíma og við reynum að byggja upp líkamlegt atgervi ættum við að huga vel að andlega þættinum í lífi okkar. Það er alveg ljóst að einstaklingar sem eru í góðu andlegu jafnvægi, eiga mun auðveldara með að takast á við stress og áföll í lífinu. Þeir eiga auðveldara með að einbeita sér, eru jákvæðari, eiga sterkari fjölskyldu og vinabönd og eru sveigjanlegri á erfiðleikatímum. Það góða er að við höfum öll þennan hæfileika ... en þurfum bara að rækta hann.

Ólafur Árnason

Fjölskylduráðgjafi

Forvarnir ehf

www.forvarnir.net

FRÆÐSLA

Næstu hádegisfyrirlestrar

Nýttu kraftinn

16. apríl 2009

Fyrirlesarar: **María Björk Óskarsdóttir**
og **Sigríður Snævarr**

Farvegur Nýttu kraftinn snýst um að virkja og hvetja atvinnulausa til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt m.a. með því að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Gera sig þannig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni og betur búna fyrir vinnumarkaðinn um leið og kallið kemur. Í fyrirlestrinum er kynnt út á hvað ferlið gengur. En það hefur m.a. á að skipa markvissri tímaskráningu, vottunum, áhugasviðsprófi og mentorum úr atvinnulífínu fyrir hvern og einn.

Að stjórna eigin hugarfari og vellíðan

30. apríl 2009

Fyrirlesari: **Ingrid Kuhlmann**

Mikilvægt er að kynnast því hvernig farsælir einstaklingar hugsa og vinna úr atburðum. Á fræðimáli kallast þetta seigla. Þeir sem búa yfir seiglu halda ró sinni undir pressu og stjórna hvötum sínum. Þeir lesa annað fólk og trúá að þeir hafi áhrif á það hvernig þeir stefna og að þeir geti tekist á við mótlæti. Mat þeirra á aðstæðum orsökum vandamála er raunhæft og þeir takast á við nýjar áskoranir. Við getum breytt því hvernig okkur líður með því að breyta hugsunum okkar. Lykillinn að seiglu eru rökréttar hugsanir.



Færðu ekki örugglega launaseðil?

Í því efnahagsástandi sem nú er á Íslandi gerist það því miður æ oftar að vinnuveitendur standa ekki skil á iðgjöldum starfsmanna sinna til stéttarféлага og lífeyrissjóða. Þetta hefur í för með sér verulega skerðingu á réttindum starfsmannanna.

Skoðaðu launaseðilinn þinn

Samkvæmt kjarasamningum eiga allir starfsmenn rétt á að fá launaseðil þar sem m.a. kemur fram til hvaða stéttarfélags verið er að greiða og hver upphæðin er. Hvað VR varðar er félagsgjaldið 0,7% af heildarlaunum. Ef ekki er staðið skil á greiðslu félagsgjalda til VR þýðir það að þú missir stöðu þína sem fullgildur félagsmaður þremur mánuðum eftir að greiðslur stöðvast. Ef vinnuveitandi dregur hins vegar af þér félagsgjöldin, og það kemur fram á launaseðlinum, heldur þú réttindum þínum gagnvart VR ef þú framvísar launaseðlum til félagsins. Það er því gríðarlega mikilvægt að þú fái launaseðla frá þínum vinnuveitanda og fylgist með því hvort félagsgjöldin séu dregin af þér. Hægt er að ganga úr skugga um að gjöldin séu greidd til VR á Mínum síðum á vef VR, www.vr.is. Aðgangur að Mínum síðum er stýrður með lykilorði og er hægt að sækja um á heimasíðunni.

Hverju missir þú af?

Ef ekki er staðið skil á félagsgjöldum til VR og þú getur ekki sýnt fram á félagsaðild þína með launaseðlum missir þú m.a. af eftirfarandi:

1. rétti til aðstoðar kjarasviðs og lögfræðings félagsins
2. réttindum í Sjúkrasjóð VR, þ.m.t. rétti á dagpeningum og styrkjum
3. réttindum í VR varasjóði
4. leigu orlofshúsa og tjaldvagna
5. fræðslustyrkjum
6. þátttöku í launakönnun og könnun á Fyrirtæki ársins

Ársskýrsla VR 2008 - 2009

Efnisyfirlit


Félagið í hnotskurn	10
Almenn starfsemi og þjónusta	10
Fjöldi félagsmanna	10
Lykiltölur VR 2008	10
Stjórn VR starfsárið 2008 - 2009	10
Kjaramál	11
Kjara- og innheimtumál	11
Dómsmál	11
Kjarasamningar	12
Endurnýjun kjarasamnings við FÍS	12
Frestun á endurskoðun kjarasamninga	12
Aðrir kjarasamningar	12
Heilbrigðismál	13
Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði	13
Velferðarverkefni VR	13
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2008 - 2009	13
Orlofsmál	14
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2008	14
Gjafabréf í sólina	14
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2008 - 2009	14
Fundir, ályktanir og samskipti	15
Innlendir fundir	15
Erlend samskipti	15
Önnur starfsemi	16
VR varasjóður	16
Jafnréttismál	16
Rannsóknir og kannanir	16
Fræðsla	17
Stjórnir fræðslumála starfsárið 2008 - 2009	17
Atvinnuleysi	17
Almennar upplýsingar	18
Allsherjaratkvæðagreiðsla	18
Breyting á lögum félagsins	18
Félagsmál	18
Aðild VR að stofnunum	18
Félagsgjöld	18
Félagatal	19
Útgáfu- og kynningarmál	19
Starfsemi þjónustuværs	19
Skipulag skrifstofu	19
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. febrúar 2009	20
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2008	20
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	21
Ársreikningur 2008	22
Áritanir	22
Rekstrarreikningur 2008	23
Efnahagsreikningur 31. desember 2008	24
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008	26
Rekstrarreikningur ársins 2008	27
Efnahagsreikningur 31. desember 2008	28
Skýringar	29

Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

	Fjöldi félagsmanna / umsókna	
	2008	2007
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.680	1.219
Starfsmennta- og tómskundastyrkir, umsóknir	5.317	4.925
Styrkir úr varasjóði	10.673	9.569
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.033	922
Orlofshús og tjaldvagnar	2.717	2.618
Samtals	21.420	19.253

Fjöldi félagsmanna



Lykiltölur VR 2008

Félagsgjöld	658.429.382
Sjúkrasjóðsiðgjöld	947.315.132
Orlofssjóðsiðgjöld	228.894.585
Leiga orlofshúsa	45.275.833
Aðrar tekjur	37.687.782
Samtals tekjur	1.917.602.714
Bætur og styrkir	578.311.662
Greiðsla úr varasjóði	338.370.616
Rekstrargjöld	833.042.924
Samtals gjöld, bætur og styrkir	1.749.725.202
Fjármagnsliðir	582.917.551
Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar	(415.040.039)

Stjórn VR starfsárið 2008 - 2009

Gunnar Páll Pálsson formaður


Stefanía Magnúsdóttir varaformaður

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari

Benedikt Vilhjálmsson, Þjarnís Lárusdóttir (hætti sumarið 2008), Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson (frá og með sumri 2008), Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

Varamenn: Steinunn Guðmundsdóttir (hætti haustið 2008) og Þorlákur Jóhannsson

Þróun á fjölda mála kjarasviðs tímabilið janúar 2006 - desember 2008



Kjara- og innheimtumál

Árið 2008 var annasamt hjá starfsmönnum kjarasviðs því málum sem tekin voru til skoðunar og vinnslu fjölgaði mikið. Sérstaklega var síðari hluti ársins þungur og munar þar um það ástand sem skapaðist eftir hrun íslenska bankakerfisins. Uppsagnir voru miklar en auk þess kom upp ný staða á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. mörg fyrirtæki lækkuðu starfsmenn í launum eða starfshlutfalli, eða jafnvel hvoru tveggja, vegna erfiðleika í rekstri. Staða launþega hefur því verið gífurlega erfið á síðustu mánuðum og samningsstaða þeirra lítil sem engin til að halda uppi kaupmætti launa sinna. Á sama tíma hefur sá fjöldi fyrirtækja sem hættir rekstri og fer í gjaldþrot aukist umtalsvert og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Verkefni kjarasviðs hafa að mestu snúist um uppsagnir og starfslok auk þess að sjá um gerð kröfulýsinga í þrotabú fyrirtækja.

Á árinu 2008 voru 1.680 mál tekin til meðferðar hjá kjarasviði eða tæplega 40% fleiri en árið 2007 þegar þau voru 1.219. Á fyrri hluta árs, janúar til júní, voru málin 684 en 996 frá júlí til desember. Árið 2007 var 761 mál fyrri hluta árs og 458 seinni hluta árs. Fjölgun á málum á síðari hluta ársins 2008 miðað við 2007 er því rúmlega 100% og var sá tími sá annasamasti í sögu kjarasviðs VR. Um áramót 2008 - 2009 voru 245 mál í vinnslu hjá félaginu, þar af 119 hjá lögmanni þess. Þrjú mál voru frá árinu 2006, 25 frá 2007 og 217 frá 2008. Á árinu 2008 voru 1.493 mál leyst á kjarasviði félagsins og hjá lögfræðingi félagsins að andvirði tæplega kr. 400.000.0000. Meðalupphæð var því um kr. 275.000. Mál sem fá lausn við við gjaldþrot fyrirtækja eru þarna meðtalin.

Málum sem koma inn á borð til félagsins árið 2008 er skipt í lengri og skemmri mál. Skemmri mál má leysa á tveimur dögum eða skemur en lengri mál taka þrjú daga eða lengur og þurfa ítarlegri vinnslu, m.a. hjá lögfræðingi. Árið 2008 féllu 674 mál undir skemmri mál en 1006 undir lengri mál.

Árið 2008 var því ár mikilla breytinga hjá mörgum launþegum. Kaupmáttur launa fór verulega niður á síðari hluta ársins auk þess sem margir misstu vinnuna vegna gjaldþrots fyrirtækja. Í þessum ólgusjó stóðu margir frammi fyrir tveimur slæmum kostum, að fá uppsögn frá sínum vinnuveitanda með hefðbundnum uppsagnarfresti eða taka á sig fyrirvaralaus laukkun á starfskjörum. Flestir völdu þann kost að halda vinnunni. Staða fyrirtækja og einstaklinga hefur versnað umtalsvert á síðustu mánuðum og mikilvægt er að samskipti atvinnurekenda og launþega séu hreinskiptin og heiðarleg svo báðir aðilar séu vel meðvitaðir um þá valkosti sem í stöðunni eru.

Dómsmál

Nokkur mál fóru fyrir dómstóla á starfsárinu. Í einu var fyrirtæki dæmt til að greiða félagsmanni laun og launaleiðréttingu í máli sem snerist um málamyndagjöfning vinnuveitandans til að komast hjá því að greiða lágmarkslaun. Fyrirtækið hafði m.a. ráðið félagsmanninn til starfa ólöglega og greitt laun undir lágmarkslaunum. Þá dæmdi Hæstiréttur í mars 2009 félagsmann til að greiða fyrrum vinnuveitanda sínum kr. 500.000 í sekt vegna brota á ráðningarsamningi. Félagismaðurinn hafði skrifað undir samkeppnishindrandi ákvæði í ráðningarsamningi þegar hann réð sig sem sölumann í heildverslun. Eftir að hann hætti og réð sig annars staðar krafðist fyrrum vinnuveitandi tæplega 30 milljóna króna skaðabóta. Dómur féll gegn félagsmanninum í héraðsdómi í maí 2008 og var hann dæmdur til að greiða 1,3 milljónir króna í sekt. Málinu var vísað til Hæstaréttar sem taldi ekki að samkeppnisákvæði ráðningarsamningsins hafi verið fallið úr gildi þrátt fyrir breytingar á starfssviði félagsmannsins frá upphafi ráðningar og þar til hann lét af störfum, né að ákvæðið hafi verið víðtækara en nauðsynlegt hafi verið.

Snemma árs 2009 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur félagsmanni VR í vil en í því máli hafði honum verið sagt upp fyrirvaralaust án frekari launagreiðslna. Hann var sakaður um trúnaðarrest með því að ráða sig til starfa annars staðar. Það þótti ósannað og í niðurstöðu dómsins segir að það verði ekki talið brot gegn trúnaðarskyldu að hafa uppi áform um að ráða sig til starfa hjá öðrum. Þá féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar í máli félagsmanns VR sem hætti á vinnustaðnum eftir að hafa verið sakaður um refsivert brot í starfi. Boði um vinnuframlag félagsmannsins í uppsagnarfresti var hafnað og vinnuveitandi greiddi honum ekki laun þann tíma. Dómurinn féll félagsmanninum í hag. Þá hnekkti yfirskattanefnd árið 2008 ákvörðun skattstjóra í máli sem VR skaut til nefndarinnar og varðaði styrk úr starfsmenntasjóði. Félagismaður hafði fært styrkinn sem tekjur og kostnað vegna flugnáms á móti. Skatturinn hafnaði þessu á þeim forsendum að námið væri ekki starfstengt en yfirskattanefnd hnekkti þeirri ákvörðun.

Kjarasamningar

Endurnýjun kjarasamnings við FÍS

17. apríl 2008 var skrifað undir kjarasamning milli VR/LÍV og FÍS, Félags íslenskra stórkaupmanna. Gildistími er frá 1. febrúar 2008 til 30. nóvember 2010. Kosið var um samninginn og er niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sem hér er birt fyrir Landssambands ísl. verzlunarmanna í heild en VR er stærsta félagið innan landssambandsins. Já sögðu 69,1% en 30,2% sögðu Nei. Einn tók ekki afstöðu. Á kjörskrá voru 1.482 og var kosningapátttaka 10,1%. Kjarasamninginn má lesa í heild sinni á heimasíðu VR en hér eru helstu atriði hans.

- **Lágmarkslaun verða sem hér segir:**

frá 1. febrúar 2008 kr. 162.000

frá 1. mars 2009 kr. 170.500

frá 1. janúar 2010 kr. 190.000

- **Launaþróunartrygging**

Launaþróunartrygging er 8,6% fyrir þá starfsmenn sem voru í starfi hjá sama launagreiðanda 1. október 2006 og voru enn í starfi við undirritun samnings. Fyrir starfsmenn sem hófu störf hjá sínum launagreiðanda frá 2. október 2006 til 1. janúar 2007 er tryggingin 5,5% en þeir sem hófu störf hjá vinnuveitanda frá 2. janúar til 30. september 2007 fengu 4,5% launaþróunartryggingu. Þann 1. mars 2009 verði launaþróunartryggingin 3,5%.

- **Almenn launahækkun**

Þann 1. janúar árið 2010 verður almenn 2,5% launahækkun.

- **Uppbætur hækka**

Desemberuppbót skiptist nú í desember- og orlofsuppbót, árið 2008 verður desemberuppbót kr. 50.000 og orlofsuppbót kr. 18.400.

- **Lengra orlof**

Orlofsdögum fjölga í 30 daga hjá þeim sem hafa unnið í sama fyrirtæki í 10 ár. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda frá og með árinu 2009. Þeir sem hafa unnið í 5 ár hjá sama fyrirtæki fá 26 orlofsdaga 2008 og 27 daga árið 2009.

- **Viðtækari tryggingar**

Slysatrygging er viðtækari í þessum samningi en þeim fyrri. Vátryggingin nær m.a. til 18 ára barna í stað 17 ára áður og nær hún nú í fyrsta skipti til „ungmenna“ á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans. Vátryggingin gildir í ferðum á vegum atvinnurekenda innanlands og utan og nær einnig til slysa sem verða við íþróttaiðkun. Örorku- og dánarbætur hækka mikið.

- **Veikindi barna**

Veikindadagar vegna veikinda barna verða 12 á ári.

- **Endurskoðunarnefnd**

Samningsaðilar skipuðu tvo fulltrúa hvort í endurskoðunarnefnd sem átti ákveða í byrjun febrúar 2009 hvort samningnum verður framlengt. Forsendur fyrir framlengingu eru:

1. að kaupmáttur launa hafi haldist eða aukist á samningstímanum,
2. að verðbólga hafi farið lækkandi, þ.e. að 12 mánaða verðbólga í desember 2008 sé lægri en 5,5% og að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8% á ársgrundvelli.

Frestun á endurskoðun kjarasamninga SA og FÍS

Í febrúar 2009 var samþykkt að fresta til loka júní endurskoðun kjarasamninga við SA og FÍS frá árinu 2008 og almennum launahækkunum til starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði sem áttu að koma til 1. mars 2009. Önnur ákvæði samninganna koma til framkvæmda. Nánar á heimasíðu VR, www.vr.is.

Aðrir kjarasamningar

Á starfsárinu voru kjarasamningar undirritaðir við Alcan á Íslandi (nóvember 2008), Elkem á Íslandi (desember 2008) og Flugfélag Íslands (janúar 2009).

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði VR

Varðandi tekjur árið 2008 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

a) Sjúkra- og dagpeningar	Fjöldi	Upphæð kr.
Dagpeningar vegna veikinda	736	486.450.603
Dagpeningar vegna áfengisvanda	43	11.154.881
Dagpeningar vegna veikinda barna	35	14.357.602
Dagpeningar vegna veikinda maka	11	7.933.452
Sjúkra- og slysdagpeningar samtals	825	519.896.538

(2007, samtals fjöldi 726, kr. 405.613.134)

b) Dánarbætur	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur félagsmanna undir 70 ára	33	24.331.315
Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára	39	11.024.614
Dánarbætur samtals	72	35.355.929

(2007, fjöldi bótaþega 85, kr. 37.514.244)

c) Slysabætur	Fjöldi	Upphæð kr.
Örorkubætur	6	9.049.541
Slysabætur samtals	6	9.049.541

(2007, fjöldi bótaþega 5, kr. 3.613.527)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur samtals	903	564.302.008

(2007, fjöldi bótaþega 816, kr. 446.740.905)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Styrkir til sjóðfélaga	130	14.009.654

(2007, fjöldi styrkþega 106, kr. 10.363.109)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2008 samtals	1.033	578.311.662

(2007, fjöldi bóta- og styrkþega 922, kr. 457.104.014)

	Upphæð kr.
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka 2008	7.196.181

(2007, kr. 11.521.866)

Velferðarverkefni VR

Á árinu 2008 bauð VR 82 skjólstæðingum Sjúkrasjóðs þátttöku í velferðarverkefni VR. Verkefnið hefur það að markmiði að veita félagsmönnum sem hafa átt við veikindi eða slys að etja meiri og persónulegri þjónustu í því augnamiði að auðvelda þeim að snúa aftur á vinnumarkaðinn. Alls þáðu 47 félagsmenn boð um þátttöku í verkefninu.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2008 – 2009

Stefanía Magnúsdóttir formaður

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Rannveig Siguðardóttir, Gunnar Böðvarsson og Jón Magnússon

Varamenn: Lykke Bjerre Larsen og Jón Hrafn Guðjónsson

Orlofsmál

Á árinu 2008 voru 40 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 20 tjaldvagna og 10 orlofshús. Útleigur ársins 2008 voru 2.717 samanborið við 2.618 árið 2007. Fyrirkomulagið „fyrstur bókar, fyrstur fær“ var í gildi frá árinu 2007 og er bókað 36 vikur fram í tímann. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2008

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur*
Akureyri (6)	1.265	87%	50%
Einarsstaðir (4)**	305	94%	
Flúðir (3)	569	94%	39%
Hraunborgir (1)***	124	95%	40%
Húsafell (3)	581	91%	40%
Ljósheimar (1)	272	52%	62%
Miðhúsaskógur (20)	2.952	91%	32%

Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2008 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting - vetur
Hrísey (1)	70	90%	
Illugastaðir (1)	63	87%	
Minni-Borg (2)	141	83%	40%
Stykkishólmur raðhús (2)	234	92%	35%
Súðavík (1)	77	91%	
Vestmannaeyjar (1)	70	83%	
Tjaldvagnar (20)	1.007	93%	
Samtals gistinguætur	7.730		

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

** Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaga húsanna yfir veturinn. Húsið í Ölfusborgum fór illa í jarðskjálftum árið 2008 og var því ekki í fullri nýtingu.

*** Húsið í Hraunborgum var selt haustið 2008.

Gjafabréf í sólina

VR í samstarfi við Sumarferðir, Úrval Útsýn og Plúsferðir veittu félagsmönnum afslátt af sólarlandaferðum sumarið 2008 í formi gjafabréfa. Alls voru gefin út 150 gjafabréf sem öll voru nýtt.

Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2008 – 2009

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Bjarnrís Lárusdóttir (hætti sumarið 2008), Margrét Sverrisdóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson

Varamaður: Jóhanna S. Rúnarsdóttir

Innlendir fundir

Stjórn VR fundaði 13 sinnum á árinu 2008 og 4 fundir voru haldnir í **trúnaðarráði**.

Á **Nýársfundi VR 2009** sem haldinn var 27. janúar, var gengið frá framboði trúnaðarráðs og trúnaðarmanna til formanns, stjórnar, varamanna í stjórn og trúnaðarráðs VR fyrir næsta kjörtímabil. Gengið var til kosninga á fundinum milli þriggja frambjóðenda til formanns og tuttugu og þriggja frambjóðenda í einstaklingskosningu til stjórnar. Sitjandi formaður, Gunnar Páll Pálsson, hlaut 70% atkvæða í kjöri til formanns. Tveir frambjóðendur sem hlutu kosningu til varastjórnar höfnuðu sætinu. Báðir frambjóðendur til formanns sem ekki hlutu kosningu á fundinum sem og nokkrir frambjóðendur til stjórnar óskuðu í kjölfar fundarins eftir allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um framboð sitt, skv. 20 gr. laga VR. Sjá nánar á bls. 18.

Uppstillinganefnd fundaði 6 sinnum fyrir Nýársfundinn. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og bárust þrjú framboð til formanns og tuttugu og þrjú framboð til stjórnar.

Fjórir **félagsfundir** voru haldnir á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn í Reykjavík í nóvember 2008 og sátu hann um 500 félagsmenn. Umræðuefnið var gagnrýni á störf formanns VR í stjórn Kaupþings. Niðurstaða fundarins var að flýta kosningum í félaginu eins og unnt væri og að kosið yrði um formann þó kjörtímabili sitjandi formanns lyki ekki fyrir en árið 2010. Seinni félagsfundirnir voru haldnir í febrúar 2009, í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum, og sátu þá samtals um 150 félagsmenn. Á þeim kynntu frambjóðendur til formanns og stjórnar sig og stefnumál sín en allsherjaratkvæðagreiðsla fór fram dagana 23. febrúar til 11. mars. Sjá nánar um atkvæðagreiðsluna á bls. 18.

Ráðgjafarnefnd félagsmanna er vettvangur félagsmanna og fulltrúa félagsins til að ræða starfsemi félagsins og framtíðarstefnu þess í formi morgunverðarfunda. Alls voru 26 fundir haldnir á árinu, þ.a. tveir í Vestmannaeyjum og þrír á Austurlandi, og sátu þá 255 félagsmenn.

Úrskurðarnefnd VR hélt 40 fundi á árinu 2008. Nefndin úrskurðaði um 5 kærur félagsmanna. Verkefni nefndarinnar er að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.

Ársfund **Alþýðusambands Íslands**, sem haldinn var 23. – 24. október, sátu 80 fulltrúar VR. Meginumræðuefnið var ungt fólk, samfélagið og verkalyðshreyfingin en umræður um efnahagsmál og stöðuna í fjármálamörkuðum settu þó sterkan svip á fundinn enda var hann haldinn skömmu eftir að íslensk stjórnvöld tóku yfir stjórn stærstu banka landsins.

Þing LÍV, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, var haldið 19. og 20. september 2008 og var það síðari hluti þingsins en sá fyrri var haldinn 2. nóvember 2007. Þingin sátu 50 fulltrúar frá VR. Aðalmálefni þingsins voru kjara- og efnahagsmál og breytingar á lögum sambandsins.

Erlend samskipti

Stjórn VR fór í vinnuferð til Danmerkur í maí, m.a. til að kynna sér orlofsaðstöðu danskra stéttarféлага og starfsemi lágjaldastéttarféлага.

Höfuðborgarráðstefnan var haldin í Helskinki í Finnlandi í júní. Hvert land flutti skýrslu um stöðu mála í sínu heimalandi en þema ráðstefnunnar var vinnuaðstaða lagerstarfsmanna.

Fulltrúar VR sóttu ráðstefnu í New York í júní á vegum bandarísku rannsóknarstofnunarinnar **Families and Work Institute** sem stendur m.a. fyrir viðamiklum vinnumarkaðsrannsóknum.


Fulltrúar frá HK, systurfélagi VR í Danmörku, sóttu VR heim dagana 16. – 19. nóvember.

Önnur starfsemi

VR varasjóður

Á aðalfundi 31. mars 2008 var samþykkt 415,6 milljóna króna framlag í VR varasjóð. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2008 námu kr. 338.370.616 og fengu 10.673 félagsmenn greiðslur. Langstærstur hluti fór til forvarna eða 34% og næst mest til orlofsmála eða 17%. Til forvarna teljast m.a. styrkir til líkamsræktar. Árið 2007 fengu 9.569 félagsmenn greiðslur og nam heildarupphæðin 296.552.483.

Greiðslur úr VR varasjóði



Jafnréttismál

Samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR 2008 eru konur með að meðaltali 16,7% lægri laun en karlar og var það sambærilegur munur og árið 2007. Munurinn hefur dregist saman, hann var 20,4% árið 2000. Þróun greiddra félagsgjalda síðustu ár styður þessa niðurstöðu. Kynbundinn launamunur innan VR var 15,3% árið 2000 en var 12,3% árið 2008.

Rannsóknir og kannanir

Fyrirtæki ársins

Fjarhitun hf. og Vélfang ehf. voru valin Fyrirtæki ársins 2008, Fjarhitun í hópi stærri fyrirtækja og Vélfang í hópi minni. Fjörutíu fyrirtæki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2008, tuttugu í hvorum stærðarflokki. Niðurstöðurnar voru kynntar í maí.

Launakönnun

Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu um 9,9% á milli árána 2007 og 2008 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins. Á sama tíma hækkuðu laun almennt á vinnumarkaði um rúmlega 6% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Frá árinu 2004 hafa félagsmenn nær undantekningalaust notið launaskriðs umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Stjórnendakönnun

VR gerði árið 2008 könnun meðal stjórnenda 300 stærstu fyrirtækja landsins og er það í annað sinn sem VR stendur fyrir könnun meðal þessa hóps. Í niðurstöðunum kemur fram að 76% telja eftirsóknarvert að vera stjórnandi í dag á móti níu af hverjum tíu árið 2006. Það veður athygli að 28% svarenda sögðust oft hafa tekið starfið fram yfir einkalífið á síðustu sex mánuðum og svipað hlutfall viðurkennir að hafa fært persónulegar fórnir fyrir framann.

Fræðsla

Félagsmönnum stóð til boða fjöldi hádegisfyrirlestra á árinu 2008. Alls voru í boði ellefu fyrirlestrar og sóttu þá 494 félagsmenn. Félagsmenn á Akranesi og í Vestmannaeyjum gátu fylgst með fyrirlestrum í gegnum fjarfundarbúnað. Haldin voru 14 námskeið fyrir trúnaðarmenn á árinu.

Styrkir

Á árinu 2008 voru greiddar tæplega 126 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum en árið 2007 voru greiddar rúmar 109 milljónir króna. Árið 2008 bárust 5.317 umsóknir frá 3.598 einstaklingum.

Stjórnir fræðslumála starfsárið 2008 - 2009

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefanía Magnúsdóttir formaður (VR)

Sigurður Jónsson varaformaður (SA)

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Guðrún Erlingsdóttir (LÍV), Anna Rós Ívarsdóttir (SA) og Svanur Valgeirsson (SA)

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður (LÍV)

Kristján Einarsson (FÍS), Skúli Björnsson (FÍS) og Stefanía Magnúsdóttir (VR)

Atvinnuleysi

Fjöldi skráðra VR félaga á atvinnuleysisbótum árið 2008 var 989, konur voru 361 og karlar 628.

Úrræði fyrir atvinnulausa félagsmenn

Í byrjun árs 2009 tók VR höndum saman með fjölmörgum aðilum til að bjóða atvinnulausum félagsmönnum fjölbreytta valkosti í námi og hreyfingu. Meðal samstarfsaðila VR í þessu átaki voru Háskólinn í Reykjavík, Hlutverkasetur, Nýttu kraftinn og Mímir. Þá veittu sérfræðingar á vegum VR sem og sálfræðingur, vinnumarkaðsfræðingur og starfs- og námsráðgjafi félagsmönnum einstaklingsbundna ráðgjöf, bæði í október árið 2008 og í febrúar árið 2009.

Almennar upplýsingar

Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Allsherjaratkvæðagreiðsla fór fram í VR dagana 23. febrúar 2009 til 11. mars 2009. Í fyrsta skipti í sögu félagsins var allsherjarkosning milli þriggja frambjóðenda í einstaklingsframboði til formanns, milli sjö frambjóðenda sem buðu sig fram í einstaklingskosningu til þriggja sæta í stjórn og milli tveggja lista, A lista sitjandi trúnaðarráðs og starfandi trúnaðarmanna VR og L lista lýðræðis fyrir VR. Á listunum voru boðnir fram fjórir einstaklingar í stjórn og 82 í trúnaðarráð.

Niðurstaða kosninganna var sú að Kristinn Örn Jóhannesson hlaut flest atkvæði í kosningu um formann, 41,9%, Lúðvík Lúðvíksson hlaut 30,1% og sitjandi formaður, Gunnar Páll Pálsson, hlaut 28%. Þeir þrír sem voru kosnir í einstaklingskosningu til stjórnar eru Ragnar Þór Ingólfsson (59,6% atkvæða), Óskar Kristjánsson (44,2% atkvæða) og Ágúst Guðbjartsson (42,2% atkvæða). Þá fékk L listinn 62,9% atkvæða en A listi trúnaðarráðs fékk 37,1%. Stjórnarmenn á L lista eru Ásta Rut Jónasdóttir, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Bjarki Steingrímsson. Hægt er að sjá lista yfir trúnaðarráð á heimasíðu VR, www.vr.is.

Breyting á lögum félagsins

Á aðalfundi VR 2008, sem haldinn var 31. mars, var samþykkt breyting á 1. grein laga félagsins en hún kom til vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Vestmannaeyja og Verslunarmannafélags Vestur Húnavatnssýslu.

Félagsmál

Heiðursfélagi

Á aðalfundi VR þann 31. mars 2008 var Hannes Þ. Sigurðsson gerður að heiðursféлага VR en hann hefur unnið ötulit starf í þágu félagsins í rúma hálfu öld.

Jólaaðstoð

Stjórn VR samþykkti í desember 2008 fjögurra milljóna króna fjárframlag til Mæðrastyrksnefndar og Hjálparstarfs kirkjunnar en þessi aðilar, ásamt Rauða krossi Íslands, sameinuðust um að veita þeim sem á þurftu að halda aðstoð yfir jólahátíðina. Aðstoðin fólst fyrst og fremst í úthlutun matvæla.

Verslunarmannafélag Austurlands samþykkir sameiningu

Á aðalfundi Verslunarmannafélags Austurlands, sem haldinn var í maí 2008, var samþykkt einróma tillaga stjórnar um sameiningu við VR og stofnun sérstakrar deildar VR á Austurlandi.

Mannfagnaðir

Um 500 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti VR á uppstigningardag.

Aðild VR að stofnunum

VR á aðild að eftirtöldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands

Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili

Fjölmíðlasambandið

Landssamband ísl. verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Verzlunarskóli Íslands

Félagsgjöld

Á aðalfundi 31. mars 2008 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7%.

Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals
1997	9540	5441	14981
1998	10361	6023	16384
1999	11286	6602	17888
2000	12026	7138	19164
2001	12601	7470	20071
2002	12747	7605	20352
2003	12964	8023	20987
2004	13511	8695	22206
2005	13871	9351	23222
2006	15465	10584	26049
2007	16014	11423	27437
2008	16802	11974	28776

Útgáfu- og kynningarmál

Í október 2008 var birt sjónvarpsauglýsing undir heitinu **Saman byggjum við nýja framtíð**. Auglýsingunni var ætlað að minna okkur á að nú sem aldrei fyrr þurfum við að sýna samstöðu og horfa fram veginn. Auglýsingar voru einnig birtar í prentmiðlum, á heimasíðu VR og umhverfisgrafík var sett upp í Kringlunni og Smáralind.

Að meðaltali heimsóttu 20 þúsund manns **www.vr.is** í hverjum mánuði á árinu 2008 samanborið við um 17 þúsund árið 2007. **VR blaðið** kom út 6 sinnum á árinu. Upplag hvers tölublaðs var að meðaltali var rúmlega 23 þúsund eintök.

Starfsemi þjónustuværs

Fulltrúar þjónustuværs svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á síðasta ári sneru að varasjóði. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri í Reykjavík árið 2008 voru 15.043 eða 1.254 á mánuði að meðaltali. Þetta er 26% aukning frá árinu 2007 þegar heildarfjöldinn var 11.946. Heildarfjöldi símtala sem barst til félagsins á árinu 2008 var 76.747 eða tæplega 6.400 símtöl á mánuði að meðaltali. Um 70 % af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað af fulltrúum þjónustuværs. Þjónustuver VR er starfrækt á Akranesi, Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Stöðugildi í árslok 2008 voru 9.

Skipulag skrifstofu

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í kjarasvið, rekstrar- og fjármálasvið, samskipta- og þróunarsvið, upplýsingatæknisvið og þjónustusvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess.

Starfsmenn

Í febrúar 2009 störfuðu 46 starfsmenn hjá félaginu í 43 stöðugildum.

